

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 169/2022**

**frá 10. júní 2022**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/274 frá 13. desember 2021 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í kaldskautsflúrperur og flúrperur með utanálíggjandi rafskautum í sérstökum tilgangi, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/275 frá 13. desember 2021 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í aðrar háþrýstar natríumperur til almennrar lýsingar, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/276 frá 13. desember 2021 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í (sambyggðar) flúrperur með einum sökkli til almennrar lýsingar, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði tækni og vísinda <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/277 frá 13. desember 2021 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í (sambyggðar) flúrperur með einum sökkli til almennrar lýsingar < 30 W með a.m.k. 20 000 klst. endingartíma, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði tækni og vísinda <sup>(4)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 29.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 32.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 35.

- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/278 frá 13. desember 2021 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í málmhalógenperur, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/279 frá 13. desember 2021 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í aðrar úrhleðsluperur í sérstökum tilgangi, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/280 frá 13. desember 2021 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í aðrar lágþrýstar úrhleðsluperur, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/281 frá 13. desember 2021 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í (sambyggðar) flúrperur með einum sökkli í sérstökum tilgangi, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði tækni og vísinda <sup>(8)</sup>.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/282 frá 13. desember 2021 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í þrífosfórperur sem ekki eru beinar, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði tækni og vísinda <sup>(9)</sup>.
- 10) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/283 frá 13. desember 2021 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í háþrýstar natríumperur með bættum litendurgjafarstuðli til almennrar lýsingar, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni <sup>(10)</sup>.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 38.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 41.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 44.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 47.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 51.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 54.

- 11) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/284 frá 16. desember 2021 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í ílangar flúrperur með tveimur sökklum til almennrar lýsingar, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni <sup>(11)</sup>.
- 12) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/287 frá 13. desember 2021 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í flúrperur til annarrar almennrar lýsingar og í sérstökum tilgangi, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni <sup>(12)</sup>.
- 13) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

#### TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

##### *1. gr.*

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32022 L 0274:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/274 frá 13. desember 2021 (Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 25),
- **32022 L 0275:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/275 frá 13. desember 2021 (Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 29),
- **32022 L 0276:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/276 frá 13. desember 2021 (Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 32),
- **32022 L 0277:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/277 frá 13. desember 2021 (Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 35),
- **32022 L 0278:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/278 frá 13. desember 2021 (Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 38),
- **32022 L 0279:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/279 frá 13. desember 2021 (Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 41),
- **32022 L 0280:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/280 frá 13. desember 2021 (Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 44),
- **32022 L 0281:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/281 frá 13. desember 2021 (Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 47),

<sup>(11)</sup> Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 57.

<sup>(12)</sup> Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 64.

- **32022 L 0282:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/282 frá 13. desember 2021 (Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 51),
- **32022 L 0283:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/283 frá 13. desember 2021 (Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 54),
- **32022 L 0284:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/284 frá 16. desember 2021 (Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 57),
- **32022 L 0287:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/287 frá 13. desember 2021 (Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 64).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra tilskipana (ESB) 2022/274, (ESB) 2022/275, (ESB) 2022/276, (ESB) 2022/277, (ESB) 2022/278, (ESB) 2022/279, (ESB) 2022/280, (ESB) 2022/281, (ESB) 2022/282, (ESB) 2022/283, (ESB) 2022/284 og (ESB) 2022/287, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júní 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2022.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Nicolas von Lingen***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.